19. Landbúnaðarafurðir	62,65	66,62	77,18	61,76	51,76	56,33	60,15	75,47	25,5
20. Annað	9,15	12,76	32,40	17,08	34,16	12,66	7,68	12,52	59,5

25

Verkföll og verkbönn frá  
1. janúar 1960.

Verkföll hafa nú um langan tíma sett mjög svip sinn á íslenzkt atvinnulíf, og er ekki ástæða til að ætla annað en svo verði enn um nokkur ár. Kjararannsóknarnefnd hefur nú látið framkvæma talningu á þeim fjölda verkfalla og verkbanna, sem gerð hafa verið frá árinu 1960, og athugun á umfangi þeirra, og vonast með því til að geta lagt nokkuð að mörkum til umræðna um þessi mál.

Í desember 1968 skrifaði Kjararannsóknarnefnd öllum verkalýðsfélögum á landinu bréf, þar sem þau voru beðin um að veita upplýsingar um verkföll, sem þau hefðu tekið þátt í. Mörg verkalýðsfélöganna brugðust skjótt og vel við, en nokkur þeirra neituðu því miður að svara, þar sem forustumenn þeirra töldu ekki æskilegt að láta nefndinni umbeðnar upplýsingar í té. Auk þess var leitað í dagblöðum frá þessum tíma, og í gögnum sáttasemjara ríkisins, en hann veitti Kjararannsóknarnefnd alla þá aðstoð, sem í hans valdi stóð og kann nefndin honum og þeim verkalýðsleiðtogum, sem upplýsingar veittu beztu þakkir fyrir. Sennilega hefur ekki tekizt að finna allar vinnudeilur, sem urðu á árunum 1960 - 1968, en Kjararannsóknarnefnd telur, að náðst hafi viðunandi nákvæmni, enda þótt eitthvað kynni að finnast til viðbótar, ef farið væri í eftirleitir.

Mat á umfangi vinnudeilna, sem fundust, var framkvæmt þannig, að í flestum tilfellum var notast við upplýsingar viðkomandi verkalýðsfélaga um fjölda þátttakenda, en þar sem þær voru ekki fyrir hendi, var fjöldi þátttakenda látinn vera jafn meðlimafjölda í viðkomandi verkalýðsfélögum, nema þar sem vitneskja var fyrir hendi um, að þeir hefðu verið færri, en í slíkum tilfellum var fjöldinn áætlaður í samráði við viðkomandi verkalýðsfélag eftir því, sem hægt var. Ytri áhrif vinnustöðvanna eru hér aldrei metin, heldur aðeins þátttaka í þeim. Þannig er það vinnutjón ekki metið hér, sem verður vegna þess, að lítill hópur manna í verkfalli stöðvar alla vinnu stærri hóps, sem ekki er í verkfalli. Sú undantekning er þó gerð frá þessu, að þegar skip stöðvast vegna verkfalls einhvers hluta áhafnar, er öll áhöfnin talin í verkfalli.



Það er talsvert meiri erfiðleikum bundið að meta rétt umfang sjómanna verkfalla en annarra. Hér hefur þetta verið framkvæmt þannig að telja fjölda þeirra skipa, sem gerð eru út frá hverjum stað og stöðvast hafa, en um það eru yfirleitt nokkuð góðar upplýsingar í dagblöðunum, og margfalda síðan fjölda þeirra með tölu, sem telja má nærri meðal áhafnarstærð.

Verkföll og verkbönn árin 1960 - 1969.

Tafla I	Fjöldi vinnu- stöðv- ana	Dagar með vinnust.	Fjöldi þátttak- enda	Verkfallsdagar			
				A S I Land- fólk	Far og fiskims. Sjómenn	Aðrir	Samtals
	1	2	3	4	5	6	7
1960	3	14	125	580	100		680
1961	70	214	16357	249188	28289	960	278437
1962	24	171	3029	19140	80490	352	99982
1963	66	153	21262	205959	114	700	206773
1964	4	32	1207	10441			10441
1965	66	147	15727	31959	51970	540	84469
1966	23	13	1866	5254			5254
1967	60	87	9371	14076	2475	1620	18171
1968	67	60	20083	221939			221939
Jan. jún. 1969	131	78	33262	100329	46540	182	147051

Tafla I sýnir árangur þessarar leitar, en ef menn vilja gera sér grein fyrir því, hvort vinnudeilur færast í vöxt eða fari minnkandi, verður að hafa eftirfarandi í huga.

Dálkur 1. sýnir fjölda vinnustöðvana, en með því er átt við verkfall eða verkþann, og ein óslitin boðuð aðgerð eins verkalyós- eða atvinnurekendafélags er talin ein vinnustöðvun. Þess vegna er það talin ein vinnustöðvun ef eitthvert félag boðar verkfall, sem síðan stendur yfir í mánuð samfleytt, en ef sama félag síðan boðar verkfall á hverjum mánudegi allan næsta mánuð, eru þær vinnustöðvanir taldar fjórar.

Dálkur 2. sýnir þann fjölda daga yfir árið, sem vinnustöðvun kemur fyrir í, án tillits til þess, hvort um er að ræða víðtækt verkfall eða vinnustöðvun örfárra manna. Sunnu- og helgidagar eru ekki taldir með, þannig að ef finna má einhverja í verkfalli alla daga ársins þá teljast dagarnir vera 302.

Dálkur 3. sýnir fjölda þátttakenda, þ.e. summu margfelda af fjölda þátttakenda og fjölda verkfalla einstakra félaga. Þ. e. eitt félag, sem telur 150 meðlimi gerir eitt verkfall, teljast þátttakendur 150. En ef það gerir tvisvar verkfall, teljast þeir vera 300.

Dálkar 4 - 7 sýna fjölda verkfallsdaga. Þ. e. summu margfelda af fjölda daga og þátttakenda í einstökum verkföllum. Þ. e. ef eitt félag fer í mánaðar verkfall og 100 manns taka þátt í því, teljast það vera 2500 verkfallsdagar, ef 25 virkir dagar eru í mánuðinum.

Tafla I virðist ekki gefa til kynna, að veruleg breyting hafi orðið á þróun þessara mála frá árinu 1960, nema hvað eftir 1965 hefur dreifing aðgerða yfir árið orðið miklu minni en áður. Þ. e. háðar hafa verið færri og stærri orrustur, eins og dálkur 2, sem sýnir fjölda daga, sem verkföll koma fyrir í, ber með sér. Ástæða þessa er sú, að heildarsamtök vinnumarkaðarins hafa látið æ meira til sín taka, en einstök félög fara nú síður ein út í verkfallsbaráttu en áður var.

Árið 1961 er mesta verkfallsárið á þeim áratug, en þá fóru sum verkalyðsfélögin í allt að mánaðar verkfall og flest stærstu iðnaðarmanafélögin voru í þriggja vikna verkfalli. Sjómenn áttu þó fyrsta leikinn með 10 daga verkfalli í janúar það ár.

Fremur lítið var um verkföll í landi árið 1962, en sjö sjómannafélög boðuðu verkfall á togurunum þann 10. marz, sem leystist ekki fyrr en þann 18. júlí. Fyrsta nóvember hófst verkfall á vetrarsíldveiðum hjá tólf sjómannafélögum, og atvinnurekendur svöruðu því þann 11. sama mánaðar með verkbanni á sömu félög. Deilan leystist þann 20. nóv.

Árið 1963 hófst allsherjar verkfall í landi þann 10. desember, en fram til þess tíma hafði verið lítið um verkföll. Því lauk að mestu þann 20. des., þó höfðu verzlunarmenn samið áður þ. e. þann 13. sama mánaðar.

Aðeins fjögur verkföll voru gerð árið 1964, en árið 1965 hófst á sjómannaverkfalli, sem stóð í rúman mánuð. Verulegar vinnustöðvanir urðu einnig í landi það ár. Félög í málmiðnaði gerðu hátt á

fjórða tug skyndiverkfalla, auk skyndiverkfalla nokkurra annarra félaga í einstökum atvinnugreinum, svo sem mjólkur- og olíudreifingu og trésmíði í Arbæjarhverfi. Farmenn gerðu verkfall þann 25. okt., sem stóð til 16. nóv.

Árið 1966 voru háð 23 verkföll, þar af voru 21 verkfallanna hjá Fosskraft.

Árið 1967 svipar að því leyti til ársins 1965, að það einkennist mjög mikið af skyndiverkföllum í málmiðnaði. Þar fyrir utan má nefna 12 daga farmannaverkfall í nóvember og verkfall Hlífar í Straumsvík frá 24. júlí til 29. ágúst.

Árið 1968 er nokkuð sérstætt, þar sem það ár virðist sem heildarsamtök vinnumarkaðarins ná fyrst verulegum tókum á því verkefni, sem þau hafa samt greinilega stefnt að nokkur undanfarin ár, að samræma kjarabaráttu allra aðila. Allsherjar verkfall hófst 4. marz og lauk þann 18. sama mánaðar. Utan þeirra tímamarka voru aðeins fjögur verkföll háð.

Árið 1969 er að því leyti svipað fyrra ári, að þá eru það einnig heildarsamtökin, sem stjórna aðgerðum, þó þau beiti annariaráttu-aðferð. Sjómannaverkfall hefst þann 16. janúar og stendur yfir þar til 18. febrúar. Verkföll í landi hefjast 10. apríl og lýkur ekki fyrr en 19. maí, en eru þó ekki óslitin, heldur eru framkvæmd skyndiverkföll í ýmsum greinum á ýmsum tímum, en atvinnurekendur svara með verkþanni. Flugmenn fara í verkfall 19. og 20. júní.

Tafla II sýnir fjölda tapaðra vinnudaga, vegna verkfalla og atvinnuleysis árin 1960 - 1969. Þess ber að gæta, að hér er einungis átt við vinnutap þeirra, sem taka þátt í verkföllum, en ekki annarra, sem það bitnar á, nema það leiði til atvinnuleysis og komi þá fram í þeim dálki. T. d. getur átt sér stað, að verkafólk, sem vinnur við fiskvinnslu í landi, verði atvinnulaust, þegar sjómenn eru í verkfalli. Hér er því fremur um að ræða talningu á töpuðum kaupgreiðsludögum launþega, en vinnutapi þjóðfélagsins. Ut frá því má meta heildartap atvinnutekna launþega en ekki heildartjón þjóðfélagsins.

Þar sem verkfallsdagar í dálki 1 er fundinn með því að margfalda heildarmeðlimatölu verkalýðsfélaganna með fjölda þeirra daga, sem félagið tekur þátt í verkföllum, má gera ráð fyrir, að atvinnulausir menn í þeim félögum, sem tekið hafa þátt í verkfalli, séu tvítaldir. Dálkur 2 á að vera leiðrétting þar á. Tafla III sýnir samanburð á fjölda tapaðra vinnudaga og heildarfjölda mögulegra vinnudaga alls vinnuafls í landinu.

Tapaðir vinnudagar vegna verkfalla  
og atvinnuleysis árin 1960 - 1969.

Tafla II	Verk- falls dagar	Þar af atv. lausir	Tapaðir vinnudagar vegna:		
			Vinnust.	Atvinnul.1)	Samtals
	1.	2.	3.	4.	5.
1960	680	1	679	19284	19963
1961	278437	835	277602	20228	297830
1962	99982	200	99782	13173	112955
1963	206773	207	206566	9970	216536
1964	10441	21	10420	14925	25345
1965	84469	338	84131	35319	119450
1966	5254	21	5233	37088	42321
1967	18171	127	18044	73113	91157
1968	221939	5770	216169	269500	485669
Jan. jún. 1969	147051	10882	136169	385201	521370

Hlutfallslegt atvinnutap vegna vinnustöðvana  
og atvinnuleysis árin 1960 - 1969.

Tafla III	Mann- afli	Vinnu- dagar	Tapaðir vinnud. vegna		
			vinnust. %	atv.1. %	samt. %
	1.	2.	3.	4.	5.
1960	67.774	20.467.748	0,0	0,1	0,1
1961	68.604	20.718.408	1,3	0,1	1,4
1962	69.902	21.110.404	0,5	0,1	0,5
1963	71.204	21.503.608	1,0	0,0	1,0
1964	72.577	21.918.254	0,0	0,1	0,1
1965	74.088	22.374.576	0,4	0,2	0,5
1966	75.599	22.830.898	0,0	0,2	0,2
1967	77.075	23.276.650	0,1	0,3	0,4
1968	78.688	23.763.776	0,9	1,1	2,0
Jan. jún. 1969	80.382	12.137.682	1,1	3,2	4,3

1) Sjá Fréttabréf 11

Tímakaup og vinnutími í Reykjavík

árið 1968

Tímakaup verkamanna

Tafla 1 hér á eftir sýnir, hvort tímakaup verkamanna hefur verið að meðaltali yfir árið frá árinu 1961. Taxtakaupið er fengið með því að veða saman alla taxta Dagsbrúnar, en Iðju taxtarnir eru ekki meðtaldir, sem er galli, sem vantanlega verður bráðlega

## Tímakaup verkamanna 1961 - 1968.

Tafla 1	Dagv. taxti tímak.	Greitt tímak. í dagv.	Greitt meðal-tímak.	Árleg aukning tímakaups					
				Töluleg hækkun			Hlutf.l.hækkun		
				(1)	(2)	(3)	(1)	(2)	(3)
	1	2	3	4	5	6	7	8	9
1961	22,77	24,70	28,10	-	-	-	-	-	-
1962	25,06	27,90	32,50	2,29	3,20	4,40	10,1	13,0	15,7
1963	28,36	32,50	38,75	3,30	4,68	6,25	13,2	16,5	19,2
1964	34,88	41,25	48,60	6,52	8,75	9,85	23,0	26,9	25,4
1965	40,17	49,00	57,87	5,29	7,75	9,27	15,2	18,8	19,1
1966	48,22	58,82	70,20	8,05	9,82	12,33	20,0	20,0	21,3
1967	50,69	62,40	73,82	2,47	3,58	3,62	5,1	6,1	5,2
1968	54,38	66,12	78,28	3,69	3,72	4,46	7,3	6,0	6,0

bætt úr, enda þótt það valdi aðeins lítilli skekkju. Greitt tímakaup fyrir árin 1963 - 1968 er fengið úr skýrslum Kjararannsóknarnefndar, en tölur árána 1961 og 1962 sýna tímakaup áætlað af Kjararannsóknarnefnd á grundvelli skýrslna Vinnutímanefndar frá þeim árum.

Greinilegt er, að á árunum 1962 - 1966 hefur talsverður þrýstingur verið á launagreiðslum upp á við, þar sem greitt meðaltímakaup hækkar talsvert meir en kauptaxtarnir þessi ár. Ástæður þess má greina í þrjú megin þætti. Í fyrsta lagi er vaxandi yfirvinna árin 1962 og 1963. Í öðru lagi semja atvinnurekendur um að greiða öllu fastráðnu verkafólki kaup fyrir óunna helgidaga frá 1. júlí 1964, en áhrif þeirra samninga, er talsverð hækkun á meðaltímakaupi árána 1964 og 1965, og enn frekari hækkun aftur árin 1967 og 1968, þar sem vinnuaflið festist þá talsvert vegna minnkandi atvinnu. Í þriðja lagi má nefna launaskrið. Þess ber þó að gæta að meðaltímakaupið getur hreyfst á annan hátt en dagvinnutímakaupið, enda þótt engin áður nefnd ástæða sé fyrir hendi, en það er þegar yfirvinnuálág kauptaxtanna breytist eins og varð 1. júlí 1964, þegar eftirvinnuálagið lækkaði úr 60 % niður í 50 %, og næsturvinnuálagið úr

100 % í 91 %. Yfirvinna minnkaði einnig nokkuð það ár og kann að vera orsaka-samhengi þar á milli. Þessi hlutföll voru enn færð niður í marz-samkomulaginu 1968, en áhrif þess á ársmeðaltalið eru þó enn ekki mikil.

Árið 1968 hefur taxtakaupið í dagvinnu hækkað um 7,3 % að meðaltalið, en raunverulega greitt tímakaup um aðeins 6,0 %. Þarna er því um að ræða minni hlutfallslega hækkun á raunverulega greiddu dagvinnukaupi en á kauptöxtum, en töluleg hækkun er aftur á móti sú sama, þar sem bæði kauptaxtarnir og greitt tímakaup í dagvinnu hækkar um kr. 3,70. Meðaltímakaupið hækkar hlutfallslega jafn mikið og greidda dagvinnukaupið, en það stafar að nokkru leyti af vaxandi helgidagagreiðslum, sem er afleiðing af minnkandi hreyfingu vinnuafslsins.

Ef helgidagaálagið er ekki talið með í meðaltímakaupinu, þá hefur það hækkað úr kr. 72,07 árið 1967 í kr. 76,18 árið 1968. Hækkunin er kr. 4,11 eða 5,7 %. Þar sem meðaltímakaupið hreyfist svo svipað og greidda dagvinnutímakaupið, hefur yfirvinna verið svipuð að meðaltali árið 1968 og hún var árið 1967.

Hækkun tímakaupsins hefur þó verið nokkuð misjöfn hjá einstökum stéttum eins og tafla 2 sýnir. Eftirtektarvert er, að tímakaup í byggingariðnaði lækkar, enda dró mjög úr yfirborgunum í þeirri atvinnugrein um vorið 1968 að afstöðnu verkfalli. Tímakaup í fiskvinnu hækkar talsvert minna en búast hefði mátt við, og tímakaup í verksmiðjuvinnu hækkar mjög lítið, sem er afleiðing af mjög mikilli hækkun þess árið áður.

Að öðru leyti virðist tímakaup almennra verkamanna hækka að meðaltali svipað og kauptaxtar og vaxandi fjöldi fastráðins verkafólks gefur tilefni til, en eins og áður segir hefur aukin tregða skapast á vinnumarkaðinum vegna minnkandi atvinnu, sem þýðir það, að fleiri eru fastráðnir og aukinn hluti þess hóps, sem ekki er fastráðinn hverfur af vinnumarkaðinum vegna atvinnuleysis. Að meðaltali hækkaði dagvinnutaxtinn um kr. 3,70 pr. klst., eða 7,3 % og meðaltímakaupstaxtinn um kr. 3,85 eða 6,7 %.

Sá hópur manna, sem einna minnsta meðalhækkun hefur fengið, eru aðstoðarmenn við fagvinnu eða nánar tiltekið í málmíðnaðinum og bifvélavirkjun, sem er aðeins staðfesting á því, að við erfiðleika hefur verið að etja í þeim iðnaði, og að yfirborgarnir voru miklar fyrir.

## Hækkun tímakaups verkamanna árið 1968.

Tafla 2	Greitt tímakaup í dagv.				Meðaltímakaup			
	1967	1968	Hækkun		1967	1968	Hækkun	
	kr.	kr.	kr.	%	kr.	kr.	kr.	%
Fiskvinna	52,50	55,03	2,53	4,8	63,00	64,91	1,91	3,0
Hafnarvinna	54,60	58,96	4,36	8,0	64,87	70,14	5,27	8,1
Pakkhúsvinna	58,91	63,80	4,89	8,3	69,14	74,11	4,97	7,2
Lyftaravinna	54,63	58,67	4,05	7,4	65,75	69,77	4,02	6,1
Byggingarv.	68,62	65,33	-3,29	-4,8	80,70	77,69	-3,01	-3,7
Afgreiðslust.	69,76	76,14	6,38	9,1	79,09	86,93	7,84	9,9
Bæjarvinna	54,50	58,75	4,25	7,7	63,20	68,03	4,83	7,6
Verksmiðjuv.	64,91	65,48	0,56	0,9	73,73	74,20	1,47	0,6
Slippvinna	58,01	61,61	3,60	6,2	67,99	72,34	4,35	6,4
Ýmis alm.v.	60,81	65,51	4,70	7,7	73,26	78,71	5,45	7,4
Málmsíði	68,05	69,47	1,42	2,1	78,82	79,65	0,83	1,1
Trésmíði	62,47	67,85	5,38	8,6	70,97	75,97	5,00	7,0
Bifvélav.	72,96	75,04	2,08	2,9	83,66	87,92	4,26	5,1
Bílstjórar	65,39	71,81	6,42	9,8	79,61	87,88	8,27	10,4
Ytu og kranas.	65,05	68,78	3,73	5,7	82,42	86,94	4,52	5,5
<u>Meðaltöl</u>								
Alm.vinna	59,00	62,07	3,07	5,2	69,36	72,85	3,50	5,2
Aðst.v/fagv.	68,10	70,93	2,83	4,2	78,16	81,44	3,28	4,2
Stj. véla	65,32	71,21	5,88	9,0	80,17	87,69	7,52	9,4
Vegið meðalt.	62,40	66,12	3,72	6,0	73,82	78,28	4,46	6,1

Vinnutími verkamanna

Samsetning vinnutímans virðist ekki hafa breytt mikið á árinu 1968, frá því sem verið hefur þegar litið er á alla heildina. Árið 1966 var yfirvinna 25,7 %

	Dagv. %	Eftirv. %	Næturv. %	alls vinnutímans, lækkar þetta hlutfall niður
1966	74,3	13,5	12,2	í 23,4 % og árið 1968 niður
1967	76,6	13,2	10,2	í 22,6 %, sem er að vísu
1968	77,4	11,5	11,1	nokkur stytting en ekki röttæk. Þetta þýðir, að yfirvinnan er orðin svo föst og rótgróin í atvinnulífínu að minnkandi atvinna leiðir strax til atvinnuleysis



lítils hóps en hefur lítil áhrif á kjör þeirra sem halda atvinnu. Ef atvinnuástandið kemur til með að haldast erfitt enn um sinn án þess að samsetning vinnunnar breytist á þann hátt, að atvinnuleysi minnki á kostnað yfirvinnunnar, er sýnt, að yfirvinnan verður aðeins minnkuð með því að gera hana minna eftirsóknarverða en nú er, með því að færa næturvinnutaxtann enn nær dagvinnutaxtanum.

Ef menn vilja reyna að mæla þessa breytingu í klst. má benda á, að miðað við 42 klst. dagvinnu þá hefur eftir- og næturvinna minnkað að meðaltali um 1. klst. hvort síðan 1966. Þ. e. yfirvinnan hefur aðeins minnkað um 2 klst. á viku. Þetta er að vísu dálítið villandi samanburður vegna þess, að dagvinnan hefur ekki verið óbreytt heldur hefur hún trúlega einnig farið minnkandi, þannig að samdrátturinn er raunverulega meiri, en þetta dæmi sýnir samt vel að minnkandi atvinna hefur haft ótrúlega lítil áhrif á vinnubrögðin, þegar á heildina er lítið, enda þótt einstakir hópar verði varir við annað.

Á síðustu tveim árum hefur yfirvinna minnkað mest í fiskvinnu, en þvínæst í verksmiðjuvinnu, málsmíði og á trésmiðaverkstæðum, en lengst verulega í byggingarvinnu, sennilega vegna tíðarfars og lækkandi tímakaups. Yfirvinna jókst einnig í bifvélavirkjun árið 1968, sennilega vegna umferðarbreytingarinnar.

Ef þróunin hefur orðið svipuð annars staðar á landinu í einstökum greinum, þá hefur meðalvinnutími verkamanna stytst mikið meira utan Reykjavíkur, þar sem þar gætir áhrifa fiskvinnunnar miklu meir. Yfirvinnan hefur stytst um 11 klst. á viku í fiskvinnu í Reykjavík, miðað við 40 klst. vinnuviku, frá árinu 1966, en þá var hún óvenju mikil.

Hlutfall yfirvinnu í heildarvinnu-  
tímanum hjá verkamönnum 1966-'68.

Tafla 3	1966	1967	1968	Aukning yfirvinnu		
	%	%	%	1967	1968	Samt.
Fiskvinna	36,1	24,5	21,9	- 11,6	- 2,6	-14,2
Hafnarvinna	29,4	25,7	25,7	- 3,7	C	- 3,7
Pakkhúsvinna	22,9	22,5	21,2	- 0,4	- 1,3	-1,7
Lyftaravinna	30,0	27,5	26,3	- 2,5	- 1,2	- 3,7
Byggingarvinna	20,8	25,5	26,6	+ 4,7	+ 1,1	+ 5,8
Afgreiðslustörf	18,3	15,6	14,6	- 2,7	- 1,0	- 3,7
Bæjarvinna	24,2	22,1	21,4	- 2,1	- 0,7	- 2,8
Verksmiðjuv.	20,3	17,6	14,4	- 2,7	- 3,2	- 5,9
Slippvinna	27,4	22,2	22,9	- 5,2	+ 0,7	- 4,5
Ýmis alm.vinna	26,4	24,9	23,8	- 1,5	- 1,1	- 2,6
Málmsmiði	21,8	20,3	17,3	- 1,5	- 3,0	- 4,5
Trésmiði	20,5	18,8	14,3	- 1,7	- 4,5	- 6,2
Bifvélavirkjun	18,8	18,5	21,0	- 0,3	+ 2,5	+ 2,2
Bílstjórar	27,1	26,1	26,0	- 1,0	- 0,1	- 1,1
Ýtu og kranastj.	34,4	33,4	33,2	- 1,0	- 0,2	- 1,2
<u>Meðaltöl</u>						
Alm.vinna	26,3	23,1	22,1	- 3,2	- 1,0	- 4,2
Aðst.v/fagv.	20,4	19,2	17,6	- 1,2	- 1,6	- 2,8
Vélstjórn	28,6	27,6	27,4	- 1,0	- 0,2	- 1,2
Vegið meðalt.	25,7	23,4	22,6	- 2,3	- 0,8	- 3,1

## Kaupmáttur tímakaups verkamanna.

Vísitölur kaupmáttar dagvinnutaxta og fyrir greitt tímakaup í dagvinnu og meðaltímakaup eru sýndar á töflu 4, bæði miðaðar við hreyfingu vísitölu framfærslukostnaðar og vísitölu vöru og þjónustu. Miðað við framfærsluvísitöluna hefur kaupmáttur taxta kaups lækkað um 5,8 % á árinu að meðaltali miðað við fyrra ár, en raunverulega greitt tímakaup hefur lækkað meir. Greitt tímakaup í dagvinnu hefur lækkað um 7,1 % og meðaltímakaupið um 6,7 %.

## Vísitölur kaupmáttar tímakaups verkamanna.

	Miðað við framfærsluvísit.			Vísitölu vöru og þjónustu		
	Kaupm. taxta-kaups í dagv.	Kaupm. Greitt tímak. í dagv.	Kaupm. Greitt meðal-tímak.	Kaupm-taxta-kaups í dagv.	Kaupm. Greitt tímak. í dagv.	Kaupm. Greitt meðal-tímak.
	1	2	3	4	5	6
1961	100,6	95,2	90,9	101,0	95,6	91,2
1962	99,9	96,9	94,8	94,4	91,6	89,5
1963	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
1964	103,2	106,5	105,2	102,8	106,1	104,8
1965	110,7	117,9	116,7	110,2	117,4	116,2
1966	119,9	127,6	125,2	117,2	124,8	122,5
1967	121,6	130,9	126,9	119,3	128,2	124,4
1968	114,5	121,6	118,4	110,2	117,1	114,0

## Árleg aukning

1961	-	-	-	-	-	-
1962	- 0,7 %	1,7 %	4,3 %	- 6,5 %	- 4,2 %	- 1,9 %
1963	0,1 %	3,2 %	5,5 %	5,9 %	9,2 %	11,7 %
1964	3,2 %	6,5 %	5,2 %	2,8 %	6,1 %	4,8 %
1965	7,3 %	10,7 %	10,9 %	7,2 %	10,7 %	10,9 %
1966	8,3 %	8,2 %	7,3 %	6,4 %	6,3 %	5,4 %
1967	1,4 %	2,6 %	1,4 %	1,8 %	2,7 %	1,6 %
1968	- 5,8 %	- 7,1 %	- 6,7 %	- 7,6 %	- 8,7 %	- 8,3 %

Kaupmáttur tímakaupsins hefur lækkað meir, ef eingöngu er miðað við verðlag á vörum og þjónustu. Þannig reiknað hefur kaupmáttur dagvinnutaxtans lækkað um 7,6 %, en kaupmáttur fyrir raunverulega greitt tímakaup í dagvinnu hefur lækkað um 8,7 % og meðaltímakaup um 8,3 %.

Kaupmáttur greidda tímakaupsins lækkar meir en textakaupið á árinu 1968, vegna þess að það ár var launaskrið niður á við, á sama hátt og það hefur verið upp á við fyrri ár.

#### Tímakaup iðnaðarmanna.

Að meðaltali hækkar greitt tímakaup iðnaðarmanna í dagvinnu um 5,4 % árið 1968 og hefur þá hækkað samtals um 10,6 % frá árinu 1966. Meðaltímakaupið hækkaði nokkru minna, eða um 4,4 % árið 1968 og um 8,9 % frá árinu 1966. Þessi meðaltöl iðnaðarmanna segja lítið, þar sem þróunin er mjög misjöfn hjá einstökum hópum þeirra. Þó hefur aðeins tímakaupið ekki lækkað nema í húsgagnagerðinni, og þar sem vinnutíminn hefur auk þess stytst, þá er augljóst að kaupmáttur launa iðnaðarmanna í húsgagnagerð hefur lækkað mjög mikið frá árinu 1966, enda var hann mjög hár þá.

Aðrir hópar sem eru undir meðalhækkun, eru einkum í járnsmíði og trésmíði og skipasmíði árið 1967, en eins og kunnugt er hefur atvinnuástandið verið slæmt í járníðnaðinum og atvinnurekendur minnkðu mjög mikið yfirborganir til trésmíða eftir verkfallið vorið 1968.

Mest hækkaði kaupið hjá bókurum, prenturum og bókagerðarmönnum og flugvirkjum. Bakarar voru á eftir í launaþróuninni, en hafa náð meiru samræmi við aðra. Prentarar hafa náð hagstæðum samningum, sérstaklega má geta þess, að sérstök stytting vinnutímans, sem þeir sömdu um hefur haft áhrif til hækkunar á tímakaupið umfram aðra. Flugvirkjar hafa á árunum 1967 og 1968 verið að hverfa til vaktafyrirkomulaga, en kaup þeirra einkennist að öðru leyti af miklum sveiflum, sem stafar af sveiflum í ýmsum aukagreiðslum.

#### Vinnutími iðnaðarmanna.

Yfirvinna hefur minnkað talsvert hjá iðnaðarmönnum á árinu 1968, þar sem hlutfallstala hennar fellur frá því að vera 19,5 % alls vinnutímans árið 1967 niður í 17,0 %, sem jafngildir því að yfirvinnan styttist að meðaltali frá því að vera rúmar 10 klst. á viku niður í 8½ klst. Yfirvinnan var um 11 klst. að meðaltali árið 1966.

Mestur verður samdrátturinn í skipasmíðum og viðgerðum, flugvirkjum, málmsmíði og húsgagnagerð, þó orsakir séu misjafnar. T. d. er minnkandi yfirvinna flugvirkja afleiðing tveggja orsaka. Þ. e. teknar hafa verið í notkun nýjar flugvélar, sem væntanlega krefjast minna viðhalds, og vinnufyrirkomulagi hefur verið breytt og tekin

Tafla 5	Greitt tímak. í dagv.			Greitt meðaltímakaup		
	1966	1967	1968	1966	1967	1968
	1	2	3	4	5	6
<u>KRÓNUR</u>	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Skipasm. og viðg.	75,44	79,00	84,35	90,87	91,06	97,15
Málmsmíðar	75,40	77,81	80,49	90,33	91,31	93,50
Trésmíðar	77,70	79,76	81,75	90,39	92,09	94,66
Húsgagnagerð	90,54	87,57	84,38	100,18	95,57	91,92
Flugvirkjun	88,98	94,40	109,72	110,29	112,71	126,87
Bifvélavirkjun	78,86	81,26	85,88	89,65	93,81	99,99
Rafvirkjun	79,14	81,70	88,62	93,46	95,82	102,60
Bökunarvinna	68,90	72,60	82,23	76,65	83,01	93,71
Prentun og bókgag.	72,33	82,87	88,80	84,11	97,62	102,14
Meðaltal	77,52	81,30	85,75	90,77	94,62	98,89
<u>AUKNING milli ára</u>	1967	1968	Samt.	1967	1968	Samt.
	%	%	%	%	%	%
Skipasm. og viðg.	4,7	6,8	11,8	0,2	6,7	6,9
Málmsmíðar	3,2	3,4	6,8	1,1	2,4	3,5
Trésmíðar	2,7	2,5	5,2	1,9	2,8	4,7
Húsgagnagerð	-3,3	-3,6	-6,8	-4,6	-3,8	-8,2
Flugvirkjun	6,1	16,2	23,3	2,2	12,6	15,0
Bifvélavirkjun	3,0	5,7	8,9	4,6	6,6	11,5
Rafvirkjun	3,2	8,5	12,0	2,5	7,1	9,8
Bökunarvinna	5,4	13,3	19,3	8,3	12,9	22,3
Prentun og bókgag.	14,6	7,2	22,8	16,1	4,6	21,4
Meðaltal	4,9	5,4	10,6	4,2	4,4	8,9

upp vaktavinna. Hjá hinum atvinnugreinunum hefur sennilega verið um minnkandi framleiðslu að ræða, sem á rötur sínar að rekja til, auk almennra efnahagsástæðna, samdráttar í fiskveiðum, sem hefur sérlega mikil áhrif á málm- og skipasmíðar, og vaxandi samkeppni húsgagnaframleiðenda erlendis frá, vegna niðurfærslu tollverndar.

Bifreiðasmíði og viðgerðir eru eina atvinnugreinin sem sýnir aukna yfirvinnu árin 1967 og 1968. Ástæðan er sennilega tvíþætt. Í fyrsta lagi hefur umferðarbreytingin skapað mikla vinnu, og í öðru lagi má búast við að minnkandi bifreiðainnflutningur hafi leitt til lengri notkunartíma eldri bifreiða, og að mun færri bifreiðum hafi verið lagt sem ónýtum, sem þýðir aukið viðhald og endurnýjun.

Hlutfall yfirvinnu iðnaðarmanna af heildarvinnutíma.

Tafla 6	Yfirvinnuhlutfall			Aukning		
	1966	1967	1968	1967	1968	Samt.
	1	2	3	4	5	6
	%	%	%			
Skipasm. og viðg.	26,5	19,7	18,3	-6,8	-1,4	-8,2
Málmsmíðar	25,8	22,8	19,0	-3,0	-3,8	-6,8
Trésmíðar	21,5	20,2	18,8	-1,3	-1,4	-2,7
Húsgagnagerð	12,9	10,1	7,9	-2,8	-2,2	-5,0
Flugvirkjun	25,3	21,8	16,4	-3,5	-5,4	-8,9
Bifreiðasm. og viðg.	17,2	19,7	20,2	+2,5	+0,5	+3,0
Rafvirkjun	23,6	23,0	20,1	-0,6	-2,9	-3,5
Bökunarvinna	15,5	16,3	13,8	+0,8	-2,5	-1,7
Prentun og bókað.	14,1	14,8	11,8	+0,7	-3,0	-2,3
	20,6	19,5	17,0	-1,1	-2,5	-3,6

## Tafla 7

Tímakaupstafla  
Ársmeðaltöl 1968Verkamenn

Heildar- vinnust.	Vog	Tímak. Helgid. Eftirv. Næturv.				Meðal- tímak.	
		í dagv. pús.	álag kr.	álag kr.	álag kr.		
<u>Alm. verkamannav.</u>	1	2	3	4	5	6	7
Fiskvinna	92	15	55,03	1,60	3,19	5,07	64,91
Hafnarvinna	735	20	58,96	1,37	4,79	5,00	70,14
Pakkhúsvinna	171	3	63,80	2,35	3,74	4,21	74,11
Lyftaravinna	130	2	58,67	0,95	4,65	5,49	69,77
Byggingarvinna	137	10	65,33	1,54	5,86	4,96	77,69
Afgreiðslustörf	106	7	76,14	2,93	2,41	5,44	86,93
Bæjarvinna	591	15	58,75	1,46	4,26	3,55	68,03
Verksmiðjuvinna	130	11	65,48	2,55	2,69	3,47	74,20
Slippvinna	62	2	61,61	1,60	4,40	4,71	72,34
Ýmis alm. vinna	318	15	65,51	2,20	3,76	7,22	78,71
Vegið meðaltal	2472	100	62,07	1,83	3,99	4,96	72,85

Aðstoð v/fagvinnu

Málsmíði	141	35	69,47	2,65	3,86	3,65	79,65
Trésmíði	72	30	67,85	2,69	3,86	1,56	75,97
Bifreiðasm. og viðg.	78	35	75,04	2,58	4,71	5,57	87,92
Vegið meðaltal	291	100	70,93	2,64	4,16	3,69	81,44

Vélstjórn

Bílstjórar	563	80	71,81	2,37	3,88	9,81	87,88
Ýtu- og kranastj.	342	20	68,78	1,88	5,74	10,54	86,94
Vegið meðaltal	905	100	71,21	2,27	4,25	9,96	87,69

Samanvegið

Alm. verkamannav.	2472	55	62,07	1,83	3,99	4,96	72,85
Aðstoð v/fagv.	291	20	70,93	2,64	4,16	3,69	81,44
Vélstjórn	905	25	71,21	2,27	4,25	9,96	87,69
	3668	100	66,12	2,10	4,09	5,96	78,28

Tafla 8

## Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla.

Ársmeðaltöl 1968

Verkamenn	Heildar-		Skipting vinnutíma			Heildar-
	vinnust.	Vog	Dvt.	Evt.	Nvt.	kaup
	pús.		%	%	%	pús. kr.
	1	2	3	4	5	6
<u>Alm. verkamannav.</u>						
Fiskvinna	92	15	78,1	10,6	11,3	6020
Hafnarvinna	735	20	74,3	15,0	10,7	51902
Pakkhúsvinna	171	3	78,8	12,7	8,5	10924
Lyftaravinna	130	2	73,7	14,5	11,8	9154
Byggingarvinna	137	10	73,4	16,8	9,8	10648
Afgreiðslustörf	106	7	85,4	6,1	8,5	9194
Bæjarvinna	591	15	78,6	13,8	7,6	40481
Verksmiðjuvinna	130	11	85,6	8,0	6,4	9692
Slippvinna	62	2	77,1	13,4	9,5	4474
Ýmis alm. vinna	318	15	76,2	10,3	13,5	25160
Vegið meðaltal	2472	100	77,9	12,1	10,0	177649
<u>Aðstoð v/fagvinnu</u>						
Málsmíði	141	35	82,7	10,8	6,5	11320
Trésmíði	72	30	85,7	11,5	2,8	5429
Bifvélavirkjun	78	35	79,0	11,8	9,2	6959
Vegið meðaltal	291	100	82,3	11,4	6,3	23708
<u>Vélstjórn</u>						
Bílstjórar	563	80	74,0	9,3	16,7	49630
Ýtu- og kranastj.	342	20	66,8	13,8	19,4	29979
Vegið meðaltal	905	100	72,6	10,2	17,2	79609
<u>Samanvegið</u>						
Alm. verkamannav.	2472	55	77,9	12,1	10,0	177649
Aðstoð v/fagvinnu	291	20	82,4	11,3	6,3	23708
Vélstjórn	905	25	72,6	10,2	17,2	79609
	3668	100	77,4	11,5	11,1	280966



Tafla 9

Tímakaupstafla  
 Ársmeðaltöl 1968

## Iðnaðarmenn

	Heildar-	Tímak.	Helgid.	Eftirv.	Næturv.	Meðal-
	vinnust.	í dagv.	álag	álag	álag	tímak.
	pús.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
	1	2	3	4	5	6
Skipasm. og viðg.	33	84,35	3,19	5,09	4,51	97,15
Málmsmíðar	329	80,49	2,92	4,48	5,60	93,50
Trésmíði	144	81,75	2,91	6,80	3,19	94,66
Húsgagnagerð	45	84,38	3,52	3,59	0,42	91,92
Flugvirkjun	75	109,72	2,29	1,61	13,25	126,87
Bifvélavirkjun	195	85,88	3,02	5,52	5,56	99,99
Rafvirkjun	153	88,62	3,17	6,34	4,46	102,60
Bökunarvinna	16	82,23	3,17	1,94	6,36	93,71
Prentun og bókagerð	65	88,80	3,56	0,00	9,78	102,14

Tafla 10

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla  
 Ársmeðaltöl 1968

## Iðnaðarmenn

	Heildar-	Skipting vinnutíma			Heildar-
		vinnust.	Dvt.	Evt.	
	pús.	%	%	%	pús. kr.
	1	2	3	4	5
Skipasm. og viðg.	33	81,7	11,7	6,6	3209
Málmsmíðar	329	81,0	10,5	8,5	30923
Trésmíði	144	81,2	14,0	4,8	13668
Húsgagnagerð	45	92,1	7,3	0,6	4121
Flugvirkjun	75	83,6	2,3	14,1	9064
Bifvélavirkjun	195	79,8	12,2	8,0	19621
Rafvirkjun	153	79,9	13,8	6,3	15597
Bökunarvinna	16	86,2	4,5	9,3	1567
Prentun og bókagerð	65	88,2	0,0	11,8	6643
	1055				104413

Tafla 11

Tímakaupstafla - Ársmeðaltöl 1968

Verkakönur	Heildar- vinnust.		Tímak. í dv. álag		Helgid. álag		Eftirv. álag		Næturv. álag		Meðal- tímak.	
	pús.		kr.		kr.		kr.		kr.		kr.	
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Fiskvinna	94	52,58	1,33	3,19	2,04	59,15						
Afgreiðslustörf	33	53,80	2,23	1,79	0,91	58,73						
Verksmiðjuvinna	193	53,34	2,04	0,95	0,64	56,98						
Bæjarvinna	16	49,54	0,00	1,43	0,69	51,66						
Bökunarvinna	16	58,58	2,72	0,05	0,30	61,66						
Fatasaumur	76	59,08	2,68	0,26	0,00	62,03						
Prentun og bókagerð	24	54,59	2,33	0,00	3,31	60,24						
Ýmis alm. vinna	43	66,77	2,58	0,20	3,73	73,30						

Tafla 12

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla - Ársmeðaltöl 1968

Verkakönur	Heildar- vinnust.		Skipting vinnutíma			Heildar- kaup	
	pús.		Dvt	Evt	Nvt	pús. kr.	
	1	2	%	%	%	3	4
Fiskvinna	94	83,2	12,0	4,8	5559		
Afgreiðslustörf	33	91,2	6,8	2,0	1916		
Verksmiðjuvinna	193	95,8	2,8	1,4	8081		
Bæjarvinna	16	92,4	5,9	1,7	842		
Bökunarvinna	16	99,3	0,2	0,5	1011		
Fatasaumur	76	99,1	0,9	0,0	4704		
Prentun og bókagerð	24	93,3	0,0	6,7	1525		
Ýmis alm. vinna	43	93,1	0,6	6,3	3213		
	495				26851		

Tafla 13

Meðaltímakaup - Ársmeðaltöl 1968

Flugáhafnir	Heildar- vinnust.		Meðal- tímak.		Heildar- kaup	
	pús.	kr.	pús.	kr.	pús.	kr.
Flugstjórar stór vél	12	318,57	3725			
Flugstj. meðal vél	35	194,25	6836			
Flugáh. stór vél	16	184,69	2976			
Flugáh. meðal vél	44	133,84	5807			
Flugfreyjur	80	75,91	6034			
	187		25378			